

Þriðjudaginn 29. janúar 1991.

Nr. 285/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Pálmari Magnússyni

(Sigmundur Hannesson hrl.).

Nauðgun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1990 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvaldsins. Er það krafa þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru en því, að refsing verði þyngd.

Ákærði krefst aðallega sýknu af refsikröfu ákærvalds og skaðabótakröfu í málinu. Til vara krefst hann þess, að refsing verði milduð og jafnframt skilorðsbundin, en skaðabætur lækkaðar verulega. Verði ákærða gert að sæta refsivist, komi gæsluvarðhaldsvist vegna málsins henni til frádráttar.

Ákærði og vitnið X fylgdust að frá skemmtistað í Reykjavík til íbúðar ákærða aðfaranótt 3. mars 1989 ásamt þriðja manni, er var kunningi ákærða. Frásögn hennar af því, sem í íbúðinni gerðist, fær stuðning í framburði kunningjans og öðrum gögnum í málinu, svo sem rakið er í héraðsdómi, þar á meðal framburði ákærða sjálfs. Er nægilega sannað, að ákærði hafi þar komið fram samförum við hana gegn vilja hennar með hótunum og ofbeldi. Varðar atferli ákærða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og í héraðsdómi greinir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, miskaðætur og sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1990.

Ár 1990, mánudaginn 7. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteínssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 251/1990: Ákærvaldið gegn Pálmari Magnússyni, sem dómtekið var 9. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 8. maí 1989, á hendur „Pálmari Magnússyni, Háaleitisbraut 39, Reykjavík, kennitala 30.08.55-4829, fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 3. mars 1989 á heimili sínu þröngvað X, fæddri [...] 1962, til holdlegs samræðis með ofbeldi, hótunum og ógnandi framkomu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

— — —

Málsatvik.

Það var kl. 5.21 aðfaranótt föstudagsins 3. mars 1989, að X hringdi í Reykjavíkurlögreglu frá Háaleitisbraut 37 og tilkynnti, að sér hefði verið nauðgað. Í skýrslu Bjarna Guðmundssonar lögregluþjóns, er sinnti útkallinu, segir, að X hafi sagt, að sér hafi verið hótad lífláti, ef hún léti ekki að vilja manns þess, er síðan hefði nauðgað sér. Lögreglan handtók síðan ákærða á heimili sínu svo og Jón Aðalstein Brynjólfsson, er þar var staddur.

X var yfirheyrð hjá lögreglunni kl. 6.53 að morgni föstudagsins 3. mars 1989, og lýsti X þá því, hvernig fundum hennar og ákærða bar saman við veitingastaðinn Abracadabra við Laugaveg hér í borg um nóttina. X lýsti síðan ferð í leigubíl með ákærða, Jóni Aðalsteini Brynjólfssyni og G, fyrst að Hverfisgötu 60 og síðan að heimili ákærða að Háaleitisbraut 39 hér í borg. X kvað ákærða hafa sagt vera „partí“ að Hverfisgötu 60, en er þangað var komið, reyndist svo ekki vera og ákærði þá sagst hafa fengið skilaboð um, að „partí“ væri á Háaleitisbraut 39. Er þangað var komið, hafi ekkert fólk verið þar fyrir, en ákærði sagt, að fólkið hlyti að fara að koma. X kvað sér hafa verið boðinn bjór í íbúðinni, og ákærði hafi tekið af sér

ljósmyndir, og eftir það hafi ákærði tekið að gerast ágengur, og kvað X sér hafa staðið beygur af ákærða. X kvaðst hafa sagst þurfa að fara heim til barna sinna og sambýlismanns, sem þyrfti að fara til vinnu, og kvaðst X hafa hringt á leigubíl til að komast burt. X kvað ákærða hafa komið í veg fyrir, að hún kæmist út úr íbúðinni, án þess þó að beita harðræði. X kvaðst síðan hafa hringt á leigubíl öðru sinni og þá verið búin að sjá út, að stutt væri af baðherbergi íbúðarinnar og að útidyrum. X kvaðst þá hafa sagt ákærða, að hún þyrfti á snyrtinguna, og kvaðst X hafa dvalið þar stutta stund, en er hún kom út, hefði ákærði beðið hennar fyrir utan dyrnar og komið í veg fyrir það, að X kæmist fram á stigaganginn.

X kvaðst þessu næst hafa haldið inn í stofuna og ákærði komið á eftir og hann sagt, að sig langaði svo í X, en X kvaðst hafa sagt, að hún hefði ekki áhuga á ákærða. X kvaðst hafa hótað ákærða því, að ef hann gerði henni eitthvað, þá ætti X bræður, sem myndu berja ákærða. X kvað ákærða hafa verið farinn að taka á sér, er hér var komið sögu, og kvaðst X hafa tekið á móti ákærða. X kvaðst hafa losað sig frá ákærða og komist að yngri manningum, sem þar sat dottandi í stól, og kvaðst X hafa beðið manninn um hjálp. Viðbrögð mannsins hefðu verið litil í fyrstu, en hann síðan sagt ákærða að láta X vera. X kvað ákærða þá hafa hvíslað einhverju í eyra mannsins og sá þá gengið á brott. X kvað ákærða hafa haldið áfram að takast á við sig, en sér hefði tekist að slíta sig lausa og komast inn á snyrtiherbergið og ákærði á eftir. X kvað ákærða hafa hótað að drepa sig, ef hún yrði ekki róleg og léti að vilja hans. X kvaðst, er hér var komið sögu, hafa tekið þá ákvörðun að veita ekki frekari mótspyrnu af ótta við líkamsmeiðingar. X kvaðst síðan hafa komist aftur inn í stofuna, eftir að ákærði hafði tekið að þukla sig inni á baðherberginu, og kvaðst X nú hafa beðið yngri manninn aftur um hjálp, og hefði sá þá beðið ákærða að láta X í friði. X kvað ákærða hafa hvíslað einhverju að þeim yngri og sá þá slitið sig lausan frá X, sem kvaðst hafa haldið um fætur hans. X kvað ákærða síðan hafa hent sér inn í svefnherbergi og þar komið fram vilja sínum og orðið sáðlát í leggöng hennar. X kvaðst í fyrstu hafa reynt að veita mótspyrnu, en síðan ákveðið að hætta mótspyrnunni af ótta við ákærða.

X kvað ákærða síðan ekki hafa hindrað sig í því að klæðast, og kvaðst X síðan hafa hringt í kunningja sinn, en þóst hafa hringt í leigubífreið. X kvaðst hafa hringt í lögregluna frá þessum kunningja sínum. X kvað ákærða hafa viljað fá símanúmer sitt uppgefið, og kvaðst X hafa gefið ákærða símanúmer hjá systur sinni í þeirri von, að ákærði léti X hafa símanúmer sitt, og þá með það í huga, að unnt væri að upplýsa, hver þessi maður væri.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá lögreglunni 3. mars 1989. Ákærði

kvaðst hafa hitt X á veitingastaðnum Abracadabra aðfaranótt 3. mars 1989. Ákærði kvaðst hafa verið þar staddur ásamt Jóni Aðalsteini Brynjólfssyni, kunningja sínum, og hitt X á skemmtistaðnum ásamt kunningjakonu hennar. Ákærði kvaðst hafa rætt við X inni á skemmtistaðnum um, að „það væri gaman að prufa hvort annað“. Ákærði kvað þessi fjögur eftir lokun staðarins hafa haldið að Hverfisgötu 60 og þar fyrirhugað að fara í „partí“, sem ekki reyndist vera þar, og því verið haldið á heimili ákærða að Háaleitisbraut 39. Ákærði kvað þau öll hafa haldið upp í íbúð sína utan vinkonu X, er beðið hefði í leigubílum úti. Ákærði kvað X hafa sagt sér, er ákærði hugðist sækja stúlkuna í leigubílinn, að X hefði sent leigubílinn á brott með stúlkuna. Ákærði kvað þau þrjú, er eftir voru, hafa tekið til við að drekka bjór og skemmta sér, en X hefði hringt hingað og þangað, og m.a. hefði hún rætt um það, að hún þyrfti að koma börnum sínum á dagheimili. Ákærði kvaðst síðan hafa minnt X á það, er þau höfðu rætt saman á skemmtistaðnum, þ.e., að þau ætluðu að hafa samfarir. Ákærði kvað X hafa teygt lopann og viljað drekka meiri bjór. Ákærði kvaðst hafa verið frekur við X, sem ákærði kvað hafa verið freka á móti. Ákærði kvaðst hafa beðið Jón Aðalstein um að fara inn í herbergi, þar sem ákærði kvaðst hafa talið hann trufla fyrirætlanir sínar. Ákærði kvað þetta engu hafa breytt, X hefði enn teygt lopann og viljað drekka meiri bjór. Ákærði kvað X að lokum hafa viljað fara inn á salerni, en sagt ákærða, að hann mætti koma með, og kvað ákærði X hafa látið vel að sér inni á snyrtingunni. Ákærði kvað Jón Aðalstein hafa staðið í svefnherbergisdyrnum, er ákærði og X komu út af snyrtingunni. Ákærði kvað X hafa verið með fráhneptar buxur, er hún kom út af baðherberginu, og þau ætlað að hafa samræði í stofunni, þar sem þau hefðu haldið Jón Aðalstein vera í svefnherberginu. Ákærði kvaðst hafa viljað halda inn í svefnherbergið, en X þá snúið sér að Jóni og sagst vilja frekar sofa hjá honum en ákærða. Ákærði kvaðst hafa orðið reiður og tekið X upp og haldið á henni inn í svefnherbergið, en hún hefði ekki viljað inn og tekið í dyrakarminn, en ekki getað haldið sér þar. Ákærði kvaðst hafa hrint X frá sér inni í herberginu, svo að hún féll á dýnu á gólfinu, og kvaðst ákærði þessu næst hafa lokað dyrunum, en ekki muna, hvort dyrunum hefði verið læst. Ákærði kvaðst hafa rifist við X þar inni og X kallað ákærða frekju og rudda. Ákærði sagðist vilja hafa samræði við X og ekkert hlusta á neitt helvítis þras. Ákærði kvað X hafa afklæðst, utan ákærði kvaðst hafa aðstoðað hana við að komast úr buxunum. Ákærði kvaðst síðan hafa haft samfarir við X og hún „verið ánægð með það“. Ákærði kvað X hafa haldið á brott skömmu síðar, en þau rætt saman í íbúðinni áður og ákærði þá haft orð á því, að sér fyndist leiðinlegt „að hafa verið svona grófur við hana og annað slíkt“.

Ákærði og X voru samprófuð hjá lögreglunni, en ekki náðist samræmi í framburði þeirra. Ákærði var síðan yfirheyrður hjá lögreglunni 13. mars 1989, og lýsti ákærði því nú, að hann hefði greitt X kr. 3.000 fyrir að fá að hafa við hana samfarir.

Jón Aðalsteinn Brynjólfsson var yfirheyrður hjá lögreglunni 3. mars 1989. Jón lýsti efnislega á sama veg ferðalaginu frá veitingastaðnum og á heimili ákærða. Jón kvaðst síðar um nóttina hafa verið lagstur til svefns inni í svefnherbergi íbúðarinnar, er hann kvaðst hafa heyrt læti inni á salerninu. Jón kvaðst ekki geta skilgreint það nánar, en kvað þau X og ákærða hafa talað hátt saman. Jón kvaðst hafa haldið fram, og þá hefði X komið að sér og beðið um hjálp. Jón kvað X hafa tekið um efri búkinn á sér (sic) og þannig beðið um hjálp. Jón kvaðst hafa beðið ákærða „að hætta þessu“. Jón kvaðst hafa skilið kringumstæðurnar þannig, að ákærði hefði viljað í rúmið með stúlkunni, sem ekki hefði viljað það, og ákærði hefði ekki skilið það. Jón kvað ákærða hafa orðið æstan og sagt, að sér kæmi þetta ekki við, og beðið sig um að skipta sér ekki af þessu. Jón kvaðst nú hafa haldið inn á salernið og heyrt, að svefnherbergisdyrunum var læst. Jón kvaðst, er hann kom út af baðherberginu, hafa heyrt, að verið var í samförum inni í svefnherberginu. Jón kvað þau síðan hafa komið fram, skipst á símanúmerum, og X hefði haldið brott skömmu síðar. Jón kvaðst síðan hafa vaknað við það, að lögreglan var komin á vettvang.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 24. október sl. Ákærði bar efnislega á sama veg og hjá lögreglu um fund þeirra X á veitingastaðnum. Ákærði kvaðst hafa greitt X kr. 3.000 fyrir að eiga samræði við hana, og kvað ákærði hafa verið ákveðið þeirra á milli að skilja Jón Aðalstein og G eftir að Hverfisgötu 60, en ákærði og X hefðu þá ætlað að halda á heimili ákærða. Ákærði kvaðst telja G hafa verið vitni að því, er greiðslan fór fram. Ákærði lýsti á sama veg og fyrr ferð þessara fjögurra aðila á heimili sitt og síðan því, er ákærði, X og Jón Aðalsteinn héldu upp í íbúð ákærða, en G hefði beðið úti í leigubílnum. Ákærði kvað X hafa greint sér frá því, að hún hefði sent leigubilinn á brott með G, og kvað ákærði X hafa sagt, að hún treysti G ekki, en ákærði kvaðst hafa orðið vitni að rífrildi X og G fyrr um kvöldið og þá heyrt G spyrja X að því, „hvort hún væri farin að selja sig einn ganginn enn og hvort hún ætlaði aldrei að hætta þessu“. Ákærði kvað X hafa getað róað vinkonu sína og fengið hana til að koma með sér í leigubílnum.

Ákærði kvað þau þrjú, er héldu upp í íbúð ákærða, hafa skemmt sér við að hlýða á tónlist og drekka bjór, og kvað ákærði X hafa drukkið mikið af bjór og nefndi í því sambandi allt að hálfan kassa, en ákærði kvaðst halda, að þau hefðu skemmt sér á þriðju klukkustund, áður en samræðið átti sér stað.

Ákærði kvaðst síðar um nóttina hafa gengið á X og óskað eftir því að fá það, sem ákærði kvaðst hafa greitt fyrir, en X hefði viljað biða, uns Jón Aðalsteinn væri sofnaður. Ákærði kvaðst nú hafa reiðst og heimitað endurgreiðslu hjá X og óskað eftir því, að hún yfirgæfi íbúðina, en X hefði neitað því og beðið ákærða um að koma með sér inn á salernið, þar sem ákærði kvað X hafa látið vel að sér. Ákærði kvað þau síðan hafa komið út af salerninu og þau þá ætlað inn í stofu til að hafa þar samfarir og talið Jón Aðalstein hafa verið sofnaðan í svefnherberginu. Ákærði kvað X hafa verið með fráhneptar buxur, er hún kom af salerninu. Ákærði kvað Jón Aðalstein þá hafa komið út úr svefnherberginu í þann mund, er ákærði ætlaði inn í stofuna, og hafi ákærði þá ákveðið að fara inn í svefnherbergið og Jón Aðalsteinn verið vitni að því, er ákærði hóf X á loft og hélt á henni inn í svefnherbergið. Ákærði kvað X áður hafa tekið í dyrakarminn til að árétta, að hún fengi bjór, sem ákærði kvaðst síðan hafa sótt, en áður hefði X haft orð á því við Jón Aðalstein, að hún vildi fremur sofa hjá honum en ákærða. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið það í mál og minnt X á greiðsluna og þau haldið inn í svefnherbergið, þar sem ákærði kvaðst hafa haft við X samfarir með fúsum og frjálsum vilja hennar, og kvaðst ákærði hafa haft sáðfall í fæðingarveg X. Ákærði kvaðst hafa aðstoðað X úr buxunum að hennar ósk.

Ákærði kvaðst ekki hafa beitt X þvingunum, líflátshótunum eða öðrum hótunum, en kvaðst hafa verið frekur og ákveðinn við hana og þá verið að ganga eftir að fá það, er ákærði kvaðst hafa greitt fyrir. Ákærði kvaðst hvorki hafa heyrt né séð X biðja Jón Aðalstein um aðstoð í íbúðinni um nóttina, og kvað ákærði framburð Jóns Aðalsteins um þetta atriði vera rangan.

Ákærði var spurður að því fyrir dóminum, hvers vegna hann hefði ekki greint frá „samningnum“ fyrr en við lögregluyfirheyrslu 13. mars 1989, en ákærði var handtekinn 3. s.m., og kvað ákærði ástæðuna hafa verið þá, að sér hefði fundist samningurinn hálf-smánarlegur. Ákærði bar fyrir dóminum, að hann hefði við frumrannsóknina greint lögreglunni frá samningi sínum og X um að skilja Jón og G eftir á Hverfisgötu 60, en þetta hefði ekki verið fært til bókar við skýrslugerðina. Ákærði nefndi við dómsyfyrirheyrsluna fleiri atriði, sem hann kvaðst hafa nefnt við skýrslutöku hjá lögreglu, en ákærði kvaðst enga skýringu hafa á því, hvers vegna þau atriði hefðu ekki verið færð til bókar.

Ákærði kvaðst ekki hafa hindrað X í því að hringja á leigubíl um nóttina. Ákærði kvaðst hafa hringt í Magnús Óskarsson um nóttina og beðið hann að keyra X heiman frá ákærða, en Magnús ekki nennt því. Þá kvað ákærði X hafa hringt um nóttina og beðið um, að börnum sínum yrði komið á leikskóla eða dagheimili daginn eftir. Ákærði kvað bæði símtölin hafa átt sér stað, áður en samfarirnar áttu sér stað.

Ákærði kvað X hafa viljað fá nafn sitt og símanúmer, áður en hún fór, og kvaðst ákærði hafa skrifað miða með nafninu Halli með símanúmeri á. Ákærði kvaðst hafa fengið miða frá X á móti, og kvaðst ákærði hafa fleygt þeim miða í ruslið, þar sem ákærði kvaðst ekki hafa ætlað að hitta X aftur. Ákærði kvað Gunnleif Kjartansson rannsóknarlögreglumann hafa sagt sér frá því, að lögreglan hefði fundið miðann í ruslakörfunni, en lögreglan ljósmyndaði miðann á eldhússborði íbúðarinnar, þar sem miðinn fannst við húsleit hjá ákærða.

Vitnið X var yfirheyrt fyrir dómnum 23. nóvember sl. X bar efnislega á sama veg og fyrr um ferðalagið að heimili ákærða. X kvaðst hafa beðið G að bíða í leigubílnum fyrir utan heimili ákærða, meðan X athugaði, hvort „parti“ væri á staðnum, en X kvað ákærða hafa sagt, að gestirnir væru væntanlegir, og kvaðst X þá hafa ákveðið að bíða. X kvaðst hafa séð eftir u.þ.b. klukkustundardvöl, að engir gestir voru væntanlegir, og kvaðst X þá hafa ætlað að halda heim, en ákærði hefði meinað henni að komast út úr íbúðinni. X kvaðst margsinnis hafa reynt að komast út, en ákærði ávallt komið í veg fyrir það. X kvaðst m.a. hafa haldið inn á salerni íbúðarinnar og hafa ætlað að reyna að komast þaðan út, þar sem útidyrnar voru nærri dyrum baðherbergisins. X kvað ákærða ýmist hafa farið með sér inn á salernið eða staðið fyrir framan baðherbergisdyrnar, er X kom þaðan út, og ákærði komið þannig fram, að X hefði staðið ógnun (sic) af. X kvaðst í eitt skiptið, er hún kom út af salerninu, hafa náð taki á Jóni Aðalsteini og beðið hann um að hjálpa sér, og hefði hann þá beðið ákærða um að láta X í friði og að leyfa henni að fara. X kvað ákærða þá hafa hvíslað einhverju að Jóni Aðalsteini og síðan hent sér inn í svefnherbergi og læst dyrunum. X kvaðst hafa beðið Jón Aðalstein um hjálp tvisvar um nóttina og Jón í bæði skiptin beðið ákærða um að láta hana í friði. X kvað sér nú hafa verið endanlega ljóst, að ákærði ætlaði að koma fram vilja sínum gagnvart sér. X kvaðst hafa verið mjög hrædd og því ákveðið að veita ekki mótspyrnu, og hefði ákærði haft samfarir við hana þar inni í herberginu, og hefði ákærði haft sáðlát í fæðingarveg hennar. X kvað ákærða hafa komið fram á mjög ógnandi hátt, en kvaðst ekki muna, hvort ákærði hafði í hótunum í orðum, en ákærði hefði hins vegar beitt sig andlegum hótunum, eins og X orðaði það. Síðar kvað X ákærða hafa sagt, að það borgaði sig ekki að veita mótspyrnu við slíkar kringumstæður, þar sem hún gæti verið drepin. Þá kvað X ákærða hafa hótað sér lífláti, ef hún léti ekki að vilja hans, en ekki mundi X, hvar í íbúðinni þessi hótun var höfð í frammi, en kvaðst þess hins vegar fullviss, að hótunin átti sér stað.

Eftir að samræðinu lauk, kvað X þau ákærða hafa skipst á símanúmerum, þar sem ákærði hefði viljað kynnast sér nánar og bjóða sér út

að borða. X kvaðst síðan hafa þóst hringja í leigubíl, en í staðinn hefði hún hringt í kunningja sinn, sem bjó þar skammt frá, og þaðan hafa hringt í lögreglu. X kvaðst hafa hringt frá þessum kunningja sínum í þáverandi sambýlismann sinn og greint honum frá, hvað hefði átt sér stað. X kvaðst áður um nóttina hafa hringt úr bílasíma í sambýlismann sinn og greint honum frá því, að hún væri á leið í „partí“ og myndi því ekki koma heim strax. X kvaðst ekki muna samtalið að öðru leyti.

X kvaðst hafa rætt símleiðis við Magnús Friðrik Óskarsson úr íbúð ákærða, áður en samræðið átti sér stað, og kvaðst X hafa spurt Magnús að því, hvort ákærði væri einhver „glæpon“, en X kvað ákærða áður hafa meinað sér að yfirgefa íbúðina, og kvaðst X hafa greint Magnúsi frá því. X kvað Magnús hafa sagt, að best væri fyrir sig að koma sér af vettvangi og heim til barna sinna.

X vísaði á bug framburði ákærða um „samninginn“ svo og að hafa látið vel að ákærða inni á baðherbergi íbúðarinnar og sömuleiðis, að samfarirnar hefðu átt sér stað af fúsum og frjálsum vilja sínum.

Ákærði vísaði ofangreindum framburði X á bug og vísaði til framburðar síns.

Vitnið Jón Aðalsteinn Brynjólfsson var yfirheyrt fyrir dóminum 23. nóvember 1989. Jón lýsti efnislega á sama veg og ákærði ferð þeirra fjögurra frá skemmtistaðnum og að heimili ákærða. Jón kvað þá ákærða fyrst hafa hitt X inni á skemmtistaðnum og síðan fyrir utan staðinn eftir dansleik. Jón kvað G hafa beðið í leigubílnum fyrir utan heimili ákærða. Jón kvað ákærða hafa stungið upp á því að sækja hana, en X hefði ekki viljað það að sögn Jóns, sem ekki kvaðst muna ástæður þessarar afstöðu X. Jón lýsti síðan drykkju fólksins í íbúðinni og ljósmyndatöku ákærða af X, símhringingum ákærða og X og kvaðst hafa heyrt á tal X, sem rætt hefði í símann eitthvað um barnapössun. Jón kvaðst síðan hafa haldið inn í svefnherbergi til að sofa, en þá heyrt háreysti og rifrildi milli ákærða og X frammi og því farið fram. Jón kvað ákærða og X í sama mund hafa komið út af salerninu og X þá beðið Jón um að hjálpa sér. Jón kvað X hafa sagst vilja sofa hjá sér, en Jón ekki sagst vilja það. Jón kvaðst, er hér var komið sögu, hafa sagt ákærða að vera rólegur, en ákærði þá sagt Jóni, að honum kæmi þetta ekki við. Jón kvaðst hafa haldið inn í baðherbergið, og er hann kom þaðan út aftur, hefði hann heyrt, að verið var í samförum inni í svefnherberginu. Jón kvað þau síðan hafa komið fram og X haldið brott skömmu síðar, eftir að ákærði og X hófðu skipst á símanúmerum.

Jón kvað X hafa beðið sig um hjálp einu sinni um nóttina, og kvaðst Jón þá hafa beðið ákærða að hætta því, sem Jón kallaði kynferðislega áreitni. Jón kvaðst hafa talið ákærða og X bæði vilja fara í rúmið, og kvað Jón X hafa látið vel að ákærða inni í stofunni.

Borin var undir Jón lögregluskýrsla sú, er rakin er að framan, og þá sérstaklega þeir hlutar skýrslunnar, er ritaðir eru innan tilvitnunarmerkja, og þá orðalagið, að ákærði hefði verkað á Jón eins og „þrjóskur gafi, sem vildi komast í rúmið hjá dömu“. Jón kvað þetta ekki verá sitt orðalag.

Jón kvaðst ekki hafa heyrt ákærða hóta eða beita ofbeldi í garð X um nóttina, en einungis hafa heyrt háreysti eða rifrildi, svo sem áður er getið.

Rannsóknarlögreglumennirnir Gunnleifur Kjartansson og Þorsteinn Ragnarsson, er önnuðust skýrslutökuna af Jóni Aðalsteini hinn 3. mars 1989, hafa báðir komið fyrir dóminn og vísað á bug framburði Jóns Aðalsteins um, að orðalag lögregluskýrslunnar sé ekki orðalag Jóns sjálfs.

Rannsóknarlögreglumennirnir Gunnleifur Kjartansson, Kristján Friðþjófsson og Kristján H. Kristjánsson hafa allir verið yfirheyrðir fyrir dómnum vegna ummæla ákærða um, að miði sá, er ákærði fékk afhentan hjá X, hafi fundist í ruslakörfu íbúðarinnar. Ekkert kom fram, er studdi framburð ákærða að þessu leyti, og vitnið Gunnleifur Kjartansson kvaðst muna eftir að hafa fundið miðann á eldhússborðinu.

Vitnið Gunnleifur Kjartansson vísaði á bug framburði ákærða þess efnis, að ákærði hefði nefnt hjá lögreglu ýmsa þá hluti, er bókaðir voru fyrir dómnum, en lögreglan hefði ekki fært þá til bókar.

Vitnið G var yfirheyrð fyrir dómnum 8. desember sl. G kvaðst hafa haldið rakleitt að Háaleitisbraut 39 eftir dansleikinn í Abracadabra ásamt X, Jóni og ákærða. G kvaðst ekki hafa rifist við X, vinkonu sína, fyrir utan skemmtistaðinn Abracadabra, svo sem ákærði hélt fram, og vísaði á bug framburði ákærða þess efnis, að G hefði kallað X ýmsum ónefnum fyrir utan skemmtistaðinn. G kvaðst telja X hafa farið í „partíð“ á heimili ákærða vegna þess, að von var á fleira fólki, eftir því sem ákærði hafði sagt.

G vísaði á bug framburði Jóns Aðalsteins þess efnis, að hún hefði séð hann skrifa ávísun fyrir utan skemmtistaðinn, og þá vísaði G á bug framburði ákærða um, að hún hefði séð ákærða greiða X peninga þar fyrir utan. G kvað ekki útilokað, að X hefði hitt ákærða inni á skemmtistaðnum.

Vitnið J, fyrrverandi sambýlismaður X, bar fyrir dómnum hinn 8. desember sl., að X hefði hringt í sig aðfaranótt 3. mars 1989 og þá úr bílasíma og hún sagst vera á leið í „partí“. J kvað ekkert hafa verið rætt um, hvenær X kæmi heim, og ekkert verið rætt um að koma börnunum í pössun, enda kvað J hafa talið það ásetning X að koma heim eftir „partíð“ og taka við pössun barnanna, svo að J gæti haldið til vinnu sinnar. J kvað X síðan hafa hringt aftur um nóttina, og nú hefði hún verið stödd í húsi því, hvaðan hún hefði hringt til lögreglunnar. J kvað X nú hafa greint frá því, að sér hefði verið nauðgað. J kvað X hafa sagt, að sér hefði verið hótað og sá, er nauðgaði henni, hefði hótað að drepa hana, ef hún

léti ekki að vilja hans. Þá hefði X greint frá því, að annar maður hefði verið staddur í íbúðinni, og sá hefði ekki komið sér til hjálpar, heldur látið það, sem fram fór, afskiptalaust.

Vitnið Halldór Kjartansson, Háaleitisbraut 47, kom fyrir dóminn 8. desember og aftur 10. janúar sl. Halldór kvað X hafa hringt í sig aðfaranótt 3. mars 1989. Halldór kvað X hafa verið hrædda, og því kvaðst Halldór hafa heimilað henni að koma á heimili sitt, þar sem Halldór kvað X hafa greint sér frá því, að sér hefði verið nauðgað. Halldór kvað X hafa greint frá því, að tveir karlmenn hefðu verið staddir í íbúðinni, og hefði annar nauðgað henni, en hinn enga aðstoð veitt sér. Halldór kvað X hafa hringt í sambýlismann sinn og greint honum frá efnislega á sama veg, og þá hefði X hringt í lögregluna.

Vitnið Magnús Friðrik Óskarsson var yfirheyrt fyrir dómnum 10. janúar sl. Magnús kvað ákærða hafa hringt í sig aðfaranótt 3. mars 1989 og beðið sig um aka sér eitthvað, en Magnús kvaðst hafa verið billaus og ekki getað orðið við bón ákærða. Magnús kvað ákærða hafa greint sér frá því, að maður kallaður Jonni væri í íbúð ákærða ásamt einhverri konu, er Magnús kvaðst hafa skilið á ákærða, að væri ekki nægilega auðsveip og hún vildi ekki þýðast ákærða.

Magnús kvaðst hafa rætt símleiðis við X um nóttina, og hefði X spurt að því, hvort ákærði og Jonni væru einhverjir glæpamenn, en Magnús kvaðst ekki hafa vitað til þess. Magnús kvaðst hafa dregið þá ályktun af svörum X, að hún hefði verið hrædd, enda hún sagt það berum orðum. Magnús kvað X hafa beðið sig um að sækja sig og keyra heim, en Magnús sagst ekki geta það. Magnús kvað X hafa greint sér frá því, að ákærði meinaði henni útgöngu úr íbúðinni.

Magnús kvaðst ekki muna, að nokkuð hefði komið fram í samtalinu við ákærða, er benti til þess, að ákærði vildi losna við X, og ákærði hefði ekki beðið sig um að keyra X á brott.

Vitnið X kom fyrir dóminn 10. janúar sl. og kvaðst þá ekki taka fyrir, að hún kynni að hafa hitt ákærða inni á skemmtistaðnum Abracadabra aðfaranótt 3. mars 1989. X vísaði á bug framburði ákærða og Jóns Aðalsteins þess efnis, að X hefði ekki viljað fá G í „partíið“. Þá kvað X framburð G rangan varðandi það, að haldið hefði verið rakleitt á heimili ákærða frá skemmtistaðnum og að X hefði ekki hringt úr bílasíma á leiðinni á Háaleitisbrautina. X kvað rangan framburð Jóns Aðalsteins þess efnis, að X hefði látið vel að ákærða inni í stofu íbúðarinnar.

Vitnið X kom enn fyrir dóminn 25. janúar sl., og vísaði X enn á bug framburði ákærða varðandi það, að X hefði látið vel að ákærða inni á salerni íbúðarinnar, svo og því, að X hefði komið með fráhnepptar buxur út af baðherberginu. X bar enn, að sér hefði orðið endanlega ljóst, hvað

vakti fyrir ákærða, er hann bar X inn í svefnherbergið, og X þá verið orðin mjög hrædd og því hafa ákveðið að veita ekki mótspyrnu og látið að vilja ákærða.

Ákærði var loks yfirheyrður fyrir dóminum 9. apríl sl., eftir að tekist hafði að hafa uppi á ákærða í Svíþjóð, en ákærði hafði flutt þangað og ekki látið vita af ferðum sínum, og tafðist málið vegna þessa.

Ákærði vísaði á bug framburði G og X þess efnis, að þær hefðu ekki rifist fyrir utan skemmtistaðinn. Ákærði kvaðst nú ekki geta fullyrt, hvort G hefði séð ákærða greiða X kr. 3.000 fyrir utan skemmtistaðinn, en ákærði hafði borið svo áður. Ákærði bar nú, að vel gæti verið, að hann hefði ekki beðið Magnús Friðrik Óskarsson um að keyra X á brott, en ákærði hafði borið á þann veg fyrir dóminum áður. Ákærði kvað ekkert hafa borið á góma í símtalinu við Magnús, er hefði getað gefið Magnúsi ástæðu til að draga þá ályktun, að á heimili ákærða væri stúlka, er ekki væri nægilega auðsveip. Ákærði kvaðst hafa setið við hlið X, er hún ræddi símleiðis við Magnús, og vísaði ákærði framburði Magnúsar á bug varðandi það, að X hefði greint Magnúsi frá því símleiðis, að ákærði meinaði X útgöngu úr íbúð ákærða, en bæði X og Magnús hafa borið það fyrir dóm-inum.

Ákærði kvað X hafa verið með fráhnepptar buxur, er hún kom út af bað-herberginu, en ákærði kvaðst nú ekki muna, hvort X hefði losað buxurnar til að pissa eða í einhverjum öðrum tilgangi, en ákærði bar áður fyrir dóm-inum, að þau hefðu ætlað að hafa samfarir í stofunni, er hér var komið sögu. Ákærði kvað X fyrst hafa setið á baðkerinu, er hún átti við lim ákærða þar inni, en síðan hefði X verið á hnjónum á gólfinu. Ákærði hafði áður borið á annan veg um þetta, og er ákærða var bent á misræmið í framburði sínum, kvað ákærði lokaframburð sinn vera hinn rétta.

Ákærði kvað X hafa dvalið í íbúðinni í þrjú kortér til eina klukkustund, eftir að samræðinu lauk, og vísaði ákærði framburði Jóns Aðalsteins og X á bug um þetta, en þau hafa borið, að X hafi fljótlega eða strax eftir að samræðinu lauk, yfirgefið íbúð ákærða.

Ákærði var spurður um orðalag lögregluskýrslu frá 3. mars 1989, þar sem ákærði kvað X hafa ætlað að snúa ákærða af sér. Ákærði kvað eitt-hvert hik hafa verið komið á X, er hér var komið sögu, og, að því er ákærði taldi, vegna nærveru Jóns Aðalsteins.

Vitnið Sævar Geirdal Gíslason kom fyrir dóminn 9. apríl sl. og kvaðst hafa hitt ákærða inni á veitingastaðnum Abracadabra að kvöldi 3. mars 1989. Sævar kvaðst hafa séð ákærða þar á tali við dökkhærða stúlku, en ekki vissi Sævar, hvort fleira fólk var í fylgd ákærða. Sævar kvaðst eftir dansleikinn hafa séð til fyrrgreindrar stúlku fyrir utan skemmtistaðinn og þá í rifrildi við einhverja aðra stúlku.

Dr. med. Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir skoðaði X kl. 10.30 að morgni 3. mars. Í skýrslu læknisins segir m.a., að X hafi verið niðurbeygð, en róleg, skýr og samvinnuþýð og að atburðir setið (sic) henni vel í minni. Engir áverkar fundust á X. Nýlegt sáðlát fannst í leggöngum. Í vottorði læknisins er frásögn hans af því, hvernig X greindi frá atburðunum, og er sú frásögn í aðalatriðum í samræmi við frásögn X fyrir dóminum.

Niðurstöður.

X kærði nauðgun kl. rúmlega 5 að morgni 3. mars 1989, og tekin var skýrsla af X kl. 6.53 um morguninn. Vitnið Þorsteinn Ragnarsson rannsóknarlögreglumaður hefur borið fyrir dóminum, að X hafi við skýrslutökuna verið skýr og greinargóð. Framburður X fyrir dóminum hefur verið stöðugur allt frá upphafi, en X átti í nokkrum erfiðleikum með að tjá sig um atburðinn vegna geðshræringar, er hún komst í.

Jón Aðalsteinn Brynjólfsson hefur borið, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að X hafi leitað aðstoðar hjá sér umrædda nótt og að X hafi verið að flýja ákærða.

Magnús Friðrik Óskarsson hefur borið fyrir dóminum, að X hafi greint sér frá því símleiðis umrædda nótt, að ákærði meinaði henni útgöngu úr íbúðinni, og að hún hafi verið hrædd.

Vitni, er yfirheyrð hafa verið og ýmist sáu X eða heyrðu í henni símleiðis að morgni 3. mars 1989, hafa borið, að hún hafi verið hrædd og miður sín, en X greindi öllum vitnunum efnislega á sama veg frá atburðinum, svo sem rakið hefur verið að framan.

Framburður vitnanna X og G er efnislega á sama veg um það, að ákærði hafi sagt þeim, að fleira fólk væri væntanlegt að Háaleitisbraut 39 um nóttina, og ekki verður ráðið af gögnum málsins, að fyrir X hafi vakað að dvelja lengur í „partíinu“ á heimili ákærða en svo, að hún kæmist tímanlega á heimili sitt til að taka við barnapössun þar, sbr. framburð vitnisins J hér fyrir dóminum.

Framburður ákærða hefur verið óstöðugur og breytilegur, og vísast í því sambandi til framburðar ákærða, er rakinn var að ofan. Ákærði hefur borið, að ýmislegt, er hann greindi frá í fyrsta sinn undir dómsrannsókninni, hafi ákærði áður nefnt hjá lögreglu, en það ekki verið bókað þar. Þessi framburður ákærða er rangur svo og það, að lögreglan hafi greint ákærða frá því, að miði sá, er fannst á eldhússborði, hafi fundist í rusla-körfu.

Margt í framburði ákærða á sér enga stoð í gögnum málsins, andstætt því, er á við um framburð X. Hinn óstöðugi framburður ákærða þykir samkvæmt því, sem rakið hefur verið, um margt mjög ótrúverðugur og ósamrýmanlegur framburði vitna um mörg atriði, svo sem komið hefur fram.

Með vísan til alls ofanritaðs og með vísan til gagna málsins að öðru leyti þykir dómnum sannað, að ákærði hafi með háttalagi á heimili sínu aðfaranótt 3. mars 1989 þröngvað X til holdlegs samræðis með ofbeldi, hótunum og ógnandi framkomu. Þessi háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur frá árinu 1973 gengist undir níu dómsáttir fyrir brot gegn áfengislögum, umferðarlögum, 217. og 257. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefur ákærði frá árinu 1975 hlotið 8 refsidóma fyrir brot gegn umferðar- og áfengislögum, 217., 218., 244., 248. og 257. gr. almennra hegningarlaga. Allir dómur, er ákærði hefur hlotið, hafa verið skilorðsbundnir utan síðasti dómurinn hinn 26. maí 1986, 5 mánaða fangels fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi 18 mánuði. Rétt þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, að 9 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða komi til frádráttar fangelsisrefsingunni.

Af hálfu X hefur verið lögð fram miskabótakrafa, að fjárhæð kr. 300.000, og þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt dráttarvöxtum frá 3.3. 1989 til greiðsludags. Ákærði hefur í samræmi við ofanritað mótmælt kröfunni. Eftir atvikum þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu þessarar fjárhæðar í miskabætur, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og með vöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 120.000 í saksóknarlaun í ríkissjóð og kr. 120.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns.

Mál þetta var dómtekið 9. fyrra mánaðar, og hefur dómsuppsaga því dregist nokkuð vegna mikilla anna dómans.

D ó m s o r ð:

Ákærði Pálmar Magnússon, sæti fangelsi í 18 mánuði, en til frádráttar komi 9 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði X kr. 300.000 í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 3. mars 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 120.000, og málsvarnarlaun, kr. 120.000, til skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns.